



Reykjavík, 2. júní 2025
IER25010004
ÍÓ/AI/KHV

Umhverfis- og skipulagssvið
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Tilkynning um stjórnisýsluúttekt á skipulagsferlinu við Álfabakka 2a í Suður-Mjódd

Á fundi borgarstjórnar þann 7. janúar 2025 var samþykkt að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) að framkvæma ítarlega stjórnisýsluúttekt vegna byggingar að Álfabakka 2a í Reykjavík. Samþykkt verkefni er svohljóðandi:

Lagt er til að innri endurskoðun borgarinnar verði falið að gera ítarlega stjórnisýsluúttekt á skipulagsferlinu er varðar Álfabakka 2a, Suður-Mjódd. Í úttektinni verði meðal annars tekið tillit til: 1. Ákvarðanatökuferlisins í málinu. 2. Tímalínu málsins, frá upphafi til loka. 3. Regluverksins og framkvæmdar þess, með áherslu á hvort farið hafi verið eftir gildandi lögum og reglum 4. Eftirlitsferla, með sérstakri áherslu á hvernig staðið var að eftirliti við byggingu skemmunar. 5. Athugasemda íbúa og hvernig unnið var úr þeim.

IER tilkynnti borgarráði með bréfi dags. 29. janúar 2025 að upphaf stjórnisýsluúttektar vegna Álfabakka 2a myndi tefjast vegna tveggja annarra úttektarverkefna sem borgarstjórn og borgarráð höfðu falið skrifstofunni að sinna. Um er að ræða annars vegar úttekt á samningaviðræðum við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða og hins vegar úttekt á hönnun, framkvæmd og eftirliti með byggingu leikskólans Brákarborgar.

IER ráðgerir í samræmi við framangreint að framkvæma úttekt á skipulagsferlinu að Álfabakka 2a. Auk undirritaðrar verða í úttektarteyminu þau Arnheiður Ingjaldsdóttir, verkefnastjóri hjá IER, og til ráðgjafar Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfræðingur.

Á næstu dögum verður haft samband við USK um boðun upphafsfundar til þess að fara yfir úttektarferli IER og viðfangsefni úttektar. Á þeim fundi verður einnig gert ráð fyrir skipan tengiliðar sviðsins við IER vegna verkefnisins sem mun gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja framgang þess.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir

starfandi innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Afrit:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari
Brynjar Þór Jónasson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Björn Axelsson, fv. skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar